

**461. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 13. nóvember 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS) Formaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari, Marion Gisela Worthman (MGW) Varamaður og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá. Að við bætist liður 6. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, 38. fundur að töluliður 26. , Nýtingaáætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar færast upp í almenn erindi og verði þá töluliður 23. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Einnig óskar oddviti eftir að fundur hefjist á því að mál nr 7 sem er auglýsing um byggðakvóta verði tekið til afgreiðslu fyrst og síðan dagskrárlíður 8. sem er . Engar athugasemdir eru gerðar og lýsir því Oddviti fundinn lögmætan. Fjarverandi Birna Benediktsdóttir (BB) í h.s. Guðni Ólafsson (GÓ).

Dagskrá:

- 1. 1310035 - 84. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**
Til kynningar.
- 2. 1311038 - Samband íslenskra sveitarfélaga. 808. fundur 13. september.**
Til kynningar.
- 3. 1311039 - Samband íslenskra sveitarfélaga. 809. fundur 25. október.**
Til kynningar.
- 4. 1310010F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 80**
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
- 5. 1310004F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 47**
Tekin er til afgreiðslu fundargerð Byggingarnefndar

1. líður á dagskrá fundargerð byggingarnefndar.
1303050- Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 vegna breyttrar landnotkunar og ný náma við Hálfán.

Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Tekin verður fyrir greinargerð, umhverfisskýrsla og uppdráttur dags. 10 október 2013. Um er að ræða breytingu á þremur iðnaðarsvæðum í landi Norður-Botns. Í fyrsta lagi er afmörkun borhola. Í öðru lagi nýtt svæði fyrir fiskeldi í Botnsdal sem er stækkun á svæði l3 þar sem er þegar fyrir fiskeldi og heitavatnsholur. Í þriðja lagi 25-40 kW smávirkjun í Keldeyrará. Enn fremur er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði á Hálfháni við Bíldudalsveg nr. 63.

Búið var að taka þetta fyrir og samþykkja til auglýsingar en þar sem ekki fór fram kynning fyrir íbúum þarf að taka þetta aftur fyrir og samþykkja. Kynning fór fram 10. september sl.

Ennfremur var settur inn fyrirvari um að gerð yrði athugun á dýralífi í Keldá í greinargerð.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa hana.

2. líður á dagskrá fundargerð byggingarnefndar.

1307018- Deiliskipulag virkjun Keldár.

Deiliskipulag vegna virkjunar í Keldeyrará í Tálknafirði.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana.

1207047- Deiliskipulag Norður-Botn.

Deiliskipulag vegna Norður-botns í Tálknafirði tekið fyrir.

Deiliskipulagstillagan samanstendur af greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdráttum 1 og 2.

Smá breyting var gerð á skipulagsgögnum en settur var inn fyrirvari um að gerð yrði athugun á dýralífi í Botnsá á leirum í greinargerð.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og felur Skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna.

6. **1311009F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 38**

1.tl.málefni MEÓ vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

2.tl.Hreppsnefnd lýsir yfir áhuga á að koma að stefnumótun með Vesturbyggð í æskulýðs- og íþróttamálum, kannað verði með tímabundna ráðningu verkefnisstjóra.

Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir í samráði við Vesturbyggð.

Samþykkt samhljóða.

7. **1309042 - Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014.**

(BG) og (EIS) víkja af fundi og (MGW) kemur inn.

(ÁJ) tekur við stjórn fundar.

Tálknafjarðarhreppur óskar ekki eftir undanþágu frá almennum reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2013/2014.

Samþykkir að sömu skilyrði gildi fyrir úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2013/2014 og giltu fiskveiðiárið 2012/2013.

Samþykkt samhljóða með 4 atkvæðum.

8. 1311026 - Úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar.

Tálknafjarðarhreppur gerir ekki athugasemd við úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar.
Samþykkt samhljóða með 4 atkvæðum.

9. 1311013 - Umsókn um styrk til greiðslu fasteignagjalda árið 2014.

(MGW)víkur af fundi og (BG) og (EIS) koma inn.
(EIS) tekur aftur við stjórn fundar.
Björgunarsveitinni Tálkna er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2014. Styrkveitingin er háð því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, rekstur verslunar-og veitingaþjónustu.
Samþykkt samhljóða.

10. 1311012 - Umsókn um styrk til kaupa á talstöðvum fyrir sveitina.

Sveitarstjórn samþykkir styrk til björgunarsveitarinnar Tálkna að upphæð kr. 400.000.-
Samþykkt með 4 atkvæðum, BSH situr hjá.

11. 1311037 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2013.

Viðaukinn er samþykktur og er sveitarstjóra falið að senda hann til Innanríkisráðuneytis.
Samþykkt samhljóða.

12. 1311036 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2014 og 2015 -2017, fyrri umræða.

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2014 - 2017 lögð fram.
Tillögu er vísað til seinni umræðu hjá hreppsnefnd.

Samþykkt samhljóða.

13. 1311015 - Fjarbeiðni Stígamóta fyrir árið 2014.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.

14. 1310042 - Umsókn um styrk vegna starfsemi samtakanna Landsbyggðin lífi.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.

15. 1310038 - Lögfesting barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Til kynningar.

16. 1310037 - Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma.

Hreppsnefnd tekur heilshugar undir eftirfarandi ályktun, sem hefur borist ráðuneytinu: Fjölmenntur íbúafundur á Patreksfirði 30.10.2013 mótmælir harðlega fyrirhugaðri sameiningu heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði við heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Ekker liggur fyrir sem mælt getur með slíkri sameiningu og er hún einungis til þess fallin að veikja enn frekar grunnstoðir í viðkvæmri byggð. Heilbrigðisráðherra hefur boðað til fundar með sveitarstjórnarfólki þann 15.nóv og munu EIS og ÁJ verða fulltrúar Tálknafjarðarhrepps á fundinum. Samþykkt samhljóða.

17. 1311034 - Stuðningur við Snorraverkefnið sumarið 2014.

Hreppsnefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.

18. 1311043 - Erindi frá Fjölbrautarskóla Snæfellinga, dags. 7. nóvember. Vegna tíu ára afmælis skólans.

Hreppsnefnd þakkar erindið og lýsir fullum áhuga á að þessara tímamóta verði minnst með veglegum hætti. Samþykkt samhljóða.

19. 1311032 - Minnisblað um starf Byggingarfulltrúa Tálknafjarðarhrepps.

Hreppsnefnd samþykkir að ganga til samninga við Verkís á grundvelli minnisblaðs, sem liggur fyrir fundinum og samþykkir að ráða Árna Traustason sem byggingarfulltrúa, ráðningin tekur þegar gildi. Samþykkt samhljóða.

20. 1311014 - Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

21. 1311035 - Tilboð frá Landmótun um verkefni skipulagsfulltrúa.

Hreppsnefnd samþykkir að ganga til samninga við Landmótun og samþykkir að ráða Óskar Örn Gunnarsson sem skipulagsfulltrúa. Samþykkt samhljóða.

22. 1311041 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir innheimtu staðgreiðslu ofl.

23. 1307036 - Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar.

Tillaga um nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar árin 2012-2024 ásamt greinargerð og uppdrætti liggja fyrir fundinum. Nefnd Ísafjarðarbæjar, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um gerð nýtingaráætlunar strandsvæðis Arnarfjarðar samþykkti á fundi sínum

þann 29. okt. sl. að leggja til við sveitar- og bæjarstjórnir þessara sveitarfélaga að samþykkja áætlunina.
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2024. Nefndinni eru þökkuð vel unnin störf.
Samþykkt samhljóða.

24. 1309022 - Samningur um tryggingar

Til kynningar.

25. 1311018 - Framlag vegna nýbúafræðslu árið 2014

Til kynningar.

26. 1311017 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Samanburður á ársreikningum 2012.

Til kynningar.

27. 1311027 - Niðurstaða á könnunar á leiguíbúðum sveitarfélaga 2012.

Til kynningar.

28. 1311033 - Gæðapjónstakerfi bygginafulltrúa.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20.30.
